



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 29. maí 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

29. maí 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir, Baldur H. Friðriksson og Höskuldur Haraldsson.

Í upphafi fundar óskaði formaður heimildar til breytinga á boðaðri dagskrá; að tekið verði fyrir annars vegar bréf Landbótar vegna fjúkandi plasts frá sorpsvæði sem 4. mál og hins vegar erindi Vopnafjarðarhrepps vegna nýrra dyra á ípróttahúsið sem 5. mál á dagskrá. Samhljóða samþykkt.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Safnaðarstofa Hofskirkju** – Sóknarnefnd Hofskirkju óskar eftir byggingarleyfi fyrir safnaðarstofu fyrir Hofskirkju skv. bréfi Sigríðar Bragadóttur, dags. 10. mars 2017. Meðfylgjandi eru uppdrættir, lóðarblað og skráningartafla. Fyrir liggur heimild Kirkjuráðs fyrir lóðinni.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að fela byggingafulltrúa ljúka málinu.

2. mál: **Skálanesgata 8** – Óskað er heimildar á smávægilegri útlitsbreytingu á íbúðarhúsinu, dyr komi á framenda húss þar sem nú er stór gluggi. Eins lítilsháttar breyting húss innanvert. Meðfylgjandi bréf eigenda dags. 06. mars 2017 og teikningar af húsinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að heimila framkvæmdina.

3. mál: **Vallarhús við ípróttavöll** – Framlagðar tillöguteikningar Yrki arkitekta að vallarhúsi við ípróttavöll Vopnafjarðar, dags. 08.05.2017. Lagt fram til kynningar.

Fyrir fundi lágu drög að deiliskipulagi ípróttasvæðisins sem byggingafulltrúi sendi á nefndarfólk fyrir í dag. Nefndin telur ekki forsendur til staðar að afgreiða málið að sinni en tekur það fyrir að nýju á fundi miðvikudaginn 31. maí nk.

4. mál: **Bréf Landbótar til umhverfisnefndar vegna fjúkandi plasts** – Skógræktarfélagið Landbót hvetur umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps til að taka á því vandamáli sem fjúkandi plast frá sorpsvæði er í bréfi dags. 24. maí. 2017. Er lagt til að gróðursett verði á svæðinu til skjóls og fegrunar.

Skipulags- og umhverfisnefnd þakkar ábendingu Landbótar. Telur nefndin málið brýnt og leggur til að þegar í stað verði hafin vinna við úrbætur hér að lútandi. Starfsmaður nefndar fylgi málinu eftir.

5. mál: **Vopnafjarðarhreppur vegna íþróttahús** – Vopnafjarðarhreppur æskir heimildar til að setja á gaff íþróttahússins nýjar dyr skv. bréfi sveitarstjóra dags. 26. maí 2017 og útlitsteikningu EFLU hér að lútandi.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að heimila framkvæmdina.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 13:00.